

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 14. febrúar 2006 staðfest sameiningu Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps, í umdæmi sýslumannsins á Eskifirði, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður Fjarðabyggð.
- Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 9. júní 2006.
- Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum fjórum sveitarfélögum.
- Íbúar sveitarfélaganna skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.
- Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.
- Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

- Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.
- Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
- Stjórnsýsluheiti hins sameinaða sveitarfélags verður Fjarðabyggð.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. febrúar 2006.

Árni Magnússon.

Róbert Ragnarsson.